

Skrifstofa Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
sent á netfangið umsagnir@althingi.is

Reykjavík, 8. apríl 2024

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um rýni á fjárfestingum erlendra aðila vegna þjóðaröryggis og allsherjarreglu, 726. mál, 154. löggjafarþing

Samtök atvinnulífsins og aðildarsamtök þeirra; Samtök iðnaðarins, Samtök ferðaþjónustunnar, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, SVP - Samtök verslunar og þjónustu og Samorka ásamt Viðskiptaráði Íslands (hér eftir nefnd samtökin) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um rýni á fjárfestingum erlendra aðila vegna þjóðaröryggis og allsherjarreglu, 726. mál. Samtökin þakka tækifærið til að koma ábendingum og athugasemdum um frumvarpið á framfæri og telja þær breytingar sem hafa átt sér stað í kjölfar samráðsferlis frá því áform um lagasetninguna komu fyrst fram til bóta. Munar þar mestu um þrengingu gildissviðs og breyttar málsmeðferðarreglur og tímafresti. **Samtökin telja þó enn að grundvallarbreytinga sé þörf á frumvarpinu og telja ótækt að það nái fram að ganga í núverandi mynd.** Gildissvið fyrirhugaðra laga er að mati samtakanna enn óskýrt og of víðtækt og það eitt og sér getur haft mjög hamlandi og þar með neikvæð áhrif á erlenda fjárfestingu á Íslandi. Óvissa um túlkun og gildissvið er óásættanleg með öllu fyrir íslenskt atvinnulíf.

Tilfnið fyrir lagasetningunni virðist fyrst og fremst stafa af erlendri réttarþróun á undanförunum árum. Samtökin leggja áherslu á að áform um lagasetningu um rýni á erlendum fjárfestingum séu skoðuð í samhengi við önnur markmið stjórnvalda, sér í lagi á sviði utanríkisviðskipta og erlendra fjárfestinga, að svo miklu leyti sem þau liggja fyrir. Samtökin hvetja íslensk stjórnvöld til að móta skýra sýn og stefnu með tilliti til erlendar fjárfestingar sem hefur almennt hvetjandi áhrif. Nýjar reglur á þessu sviði þurfa að hafa það að markmiði að auka fyrirsjáanleika um hvers konar hindranir kunni að vera í vegi erlendra aðila sem hafa áhuga á að fjárfesta á Íslandi. Fyrirhuguð löggjöf gerir hið gagnstæða og mun skapa óvissu um skilyrði til fjárfestinga á Íslandi.

Samtökin telja ástæðu til að áréttu að áformuð löggjöf er byggð á undanþáguheimild sem heimilar takmarkanir á meginreglum fjórfrelsis EES-samningsins að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Undanþáguheimildina er að finna í 33. gr. samningsins en þar er heimiluð sérstök meðferð á erlendum ríkisborgurum að því gefnu að hún byggji á sjónarmiðum um allsherjarreglu, almannaoöryggi eða almannaeilbrigði. Slíkar reglur ættu aldrei að ganga lengra en þörf er á til að þær mæti markmiðum sínum.



Það er von samtakanna að hvers kyns lagasetning sem snýr að fjárfestingum erlendra aðila leiði til einföldunar, heildarskoðunar og rýni á regluverki er snýr að fjárfestingum erlendra aðila í atvinnurekstri heilt yfir og eftir atvikum beinni erlendri fjárfestingu, með tilliti til annarra laga.

Þótt tekið hafi verið tillit til hluta af athugasemdum samtakanna á fyrri stigum málsins er ýmsum mikilvægum spurningum enn ósvarað. Því gera samtökin athugasemdir við eftirfarandi atriði frumvarpsins;

- Gildissvið laganna er enn óskýrt – Í 3. gr. laganna eru viðkvæm svið skilgreind en þar eru fjölmörg svið tilgreind og mörg hver með nokkuð óljósum og opnum hætti, sbr. t.a.m. 6. tölul. 3. gr. en undir þann lið fellur „[f]ramleiðsl[a] eða þróun á annars konar mikilvægri tækni en fellur undir aðra tölulið þessarar greinar.“ Þá er einnig vísað til innviða sem „tengjast“ tilteknum geirum auk þess sem þess er gætt að telja ekki upp með tæmandi hætti þá starfsemi og þau svið sem þar eru tilgreind, sbr. 1. tölul. 3. gr. þar sem „m.a.“ eru nefndir sem dæmi „[m]ikilvæg[ir]“ innviðir sem tengjast „orku, hitaveitu, vatns- og fráveitu, samgöngum, flutningum, fjarskiptum, fjármálakerfi, vörnum landsins, stjórnkerfi, landhelgisgæslu, almannavörnum, löggæslu, neyðar- og viðbragðsþjónustu, réttarvörslu og heilbrigðiskerfi.“ Af framangreindri upptalningu, sem ekki er tæmandi, má ráða að afar matskennt er til hvaða rekstraraðila lögin taka og að fjárfestar munu í flestum tilvikum sjá sig knúna til að tilkynna um viðskiptin. Þá orkar það tvímælis að ætla ráðherra að afmarka gildissviðið nánar, sér í lagi ef fleiri aðilar verða felldir undir gildissviðið með reglugerð, í ljósi þess að frumvarpið mælir fyrir um takmarkanir á stjórnarskrárvörðum réttindum. Að mati samtakanna er ómögulegt að leggja frekara mat á frumvarpið þegar gildissvið þess liggur ekki fyrir með skýrari hætti.
- Af lestri frumvarpsins er hvorki ljóst hvers konar gögn erlendi aðilinn þarf að láta í té í tengslum við tilkynningarskyldar ráðstafanir né heldur hvernig ráðherra muni kanna orðspor erlenda aðilans eða reynslu af sambærilegum fjárfestingum erlendis. Ráðherra er jafnframt veitt afar víðtæk heimild til þess að afla frekari upplýsinga í 11. gr. laganna, en í ákvæðinu er mælt fyrir um heimild ráðherra til að „krefja erlendan aðila um allar upplýsingar sem nauðsynlegar þykja við meðferð og úrlausn máls“ samkvæmt ákvæðum laganna.
- Látið er að því liggja í greinargerð með frumvarpi til laganna að lögin muni engin efnahagslega áhrif hafa í ljósi þröngs gildissviðs laganna. Líkt og að framan er getið er gildissviðið hins vegar alls ekki þröngt auk þess sem ýmislegt er enn óútfært og bíður nánari skýringa í reglugerðum, s.s. ítarlegri skilgreiningar á gildissviði og fjárhæðarmörkum sem liggja til grundvallar undanþágu.
- Í lögnum er tekið dæmi um erlenda opinbera aðila og þar tiltekið að undir skilgreininguna falli t.d. þjóðarsjóðir. Meiri vafi er hins vegar um aðila sem eru að hluta í eigu slíkra sjóða. Ekki liggur t.a.m. ljóst fyrir hvort félag, þar sem þjóðarsjóður telst vera einn endanlegra eigenda (raunverulegur eigandi), skuli teljast vera opinber aðili og ef svo er hvar þau mörk skuli liggja (t.a.m. 25% eignarhlutur). Þá er að sama skapi óljóst hvort telja skuli félag þar sem þjóðarsjóðir fara samanlagt með meira en 25% endanlegan eignarhlut, en þó enginn einn þjóðarsjóður með meira en 25% eignarhlut, sem erlendan opinberan aðila í skilningi laganna. Þá er ekki vikið að því í frumvarpinu



að þegar eru verulegar takmarkanir á kaupum opinberra erlendra aðila á innlendum félögum í lögum nr. 19/1996 um eignarrétt og afnotarétt fasteigna en þar segir að leyfi til að öðlast eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteignum hér á landi verði ekki veitt erlendu ríki, stjórnvaldi, ríkisfyrirtæki eða öðrum erlendum opinberum aðila. Af lögnum leiðir að opinberum erlendum aðila verður ekki veitt leyfi til að kaupa félag sem ýmist á eða leigir fasteign hér á landi (að því gefnu að leigutími sé lengri en til þriggja ára og uppsagnarfrestur sé lengri en eitt ár).

- Verði frumvarpið að lögum munu erlendir aðilar ekki geta gert samninga við ýmsa innlenda aðila nema með fyrirvara um samþykki ráðherra sem kann að taka allt að 100 virka daga að veita. Í heimi viðskipta eru 100 virkir dagar langur tími og kann margt að breytast á þeim tíma.
- Ýmsir samstarfssamningar og birgjasamningar falla undir lög. Innlendir rekstraraðilar sem starfa á viðkvæmu sviði munu þurfa að tilkynna samninga við erlenda birgja, hönnuði, byggingaraðila, rekstrar- eða þjónustuaðila sem eru lengri en til 24 mánaða þrátt fyrir að efni samninganna veiti viðsemjanda ekki yferráð yfir innlenda rekstraraðilanum. Í ljósi þess hve lítið Ísland er og svo þess flækjustigs sem fylgja mun samningagerð við innlenda rekstraraðila sem starfa á viðkvæmu sviði verði frumvarpið að lögum er hætta á að erlendir aðilar telji það ekki ómaksins virði að semja við innlenda rekstraraðila. Í þessu samhengi þarf enn fremur að hafa í huga að verulega óljóst er hvaða gögn beri að afhenda auk þess sem verulegur tími kann að líða frá afhendingu gagna til samþykkis ráðherra á ráðstöfun (allt frá 25 virkum dögum til 100 virkra daga).

Almennar athugasemdir um mikilvægi erlendrar fjárfestingar og lög þar að lútandi

Fjárfesting er grundvöllur framfara og lífskjarasóknar. Alþjóðleg samkeppni ríkir um fjármagn og það hversu eftirsóknarverð fjárfesting er ræðst að miklu leyti af þeirri lagaumgjörð sem er til staðar hvað varðar fjárfestingu og atvinnurekstur í hverju landi fyrir sig. Því þarf að vanda sérstaklega til verka þegar kemur að löggjöf sem snýr að fjárfestingarumhverfi og ganga úr skugga um að ábatinn af slíkri löggjöf sé meiri en kostnaðurinn.

Kostir erlendrar fjárfestingar eru ótvíræðir og hefur Íslandsstofa til að mynda það hlutverk, með opinberum stuðningi, að laða til landsins erlenda fjárfesta. Þótt kynningarstarfsemi sé mikilvæg skiptir ekki síður máli að réttir hvatar séu til staðar, regluverk sé skýrt og ekki of íþyngjandi og hafi ekki fælandi áhrif. Þrátt fyrir yfirlýst markmið stjórnvalda um mikilvægi erlendrar fjárfestingar gildir sérlega strangt regluverk á Íslandi hvað varðar erlenda fjárfestingu, eitt það strangasta innan OECD skv. FDI Restrictiveness Index eins og fjallað er um í greinargerð með frumvarpinu¹. Skýrist það meðal annars af takmörkunum á erlendu eignarhaldi í sjávarútvegi og orkuframleiðslu og orkudreifingu sem og verulegum takmörkunum varðandi eignarrétt og afnotarétt fasteigna.²

¹ [FDI Regulatory Restrictiveness Index - OECD](#)


² <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1966019.html>



FDI Regulatory Restrictiveness Index

2020 – OECD lönd

Equity restriction Screening & approval Key foreign personnel Other restrictions



Heimild: OECD

Það er vissulega svo að erlend fjárfesting er miseftirsóknarverð. Því verður að teljast eðlilegt að stjórnvöld vilji girða fyrir að erlendir aðilar fjárfesti í mikilvægum innviðum hér á landi í annarlegum tilgangi og þannig að þjóðaröryggi sé ógnað. Hér þarf hins vegar að gæta jafnvægis og meðalhófs þannig að meiri hagsmunum sé ekki fórnað fyrir minni.

Erlendir fjárfestar geta aðstoðað íslensk fyrirtæki við að koma hugmyndum sínum í framkvæmd og að sama skapi komið með ný verkefni og með því stuðlað að fjölbreyttara og öflugra atvinnulífi og hagkerfi ásamt því að dreifa fjárhagslegri áhættu af verkefnum. Þá gerir hátt menntunarstig hér á landi vinnumarkaðinn móttækilegri fyrir tækninýjungum og skapar svigrúm fyrir verðmæt störf. Erlend fjárfesting sem krefst hugvits og tækniþekkingar sækir í menntað vinnuafli og með því berst þekking og aukinn hvati til menntunar í innlendu hagkerfi. Samtökin telja því mikilvægt að öll umgjörð og regluverk styðji við það markmið að Ísland sé eftirsóknarverður kostur fyrir beina erlenda fjárfestingu.

Ísland er þegar útsett fyrir ýmsum áskorunum, m.a. vegna smáðar og fjarlægðar frá mörkuðum, en einnig kerfislægum hindrunum. Erlend fjárfesting er enda hlutfallslega lítil á Íslandi samanborið við önnur OECD ríki. Hlutfall beinnar erlendra fjárfestingar inn í landið af vergri landsframléiðslu, sem var ríflega 32% á árinu 2022, mælist afar lágt í samanburði þjóða. Ísland skipar þar 63. sæti af 64 ríkjum í úttekt IMD³ háskólans á samkeppnishæfni ríkja fyrir árið 2023. Til samanburðar var hlutfallið um 51% að meðaltali innan OECD og 44% í heiminum öllum á árinu 2022⁴. Raunar hafa umsvif beinnar erlendra fjárfestingar dregist saman hér á landi undanfarin ár þegar litið er til beinnar erlendra fjárfestingar sem hlutfall af landsframléiðslu. Fjárfestingin nam að meðaltali um 35% af vergri landsframléiðslu á árunum 2017-2022, samanborið við 62% hlutfall á árunum 2010-2015.

³ IMD World Competitiveness Online aðgengilegt á vefslóðinni <https://www.imd.org/>

⁴ <https://www.oecd.org/corporate/mne/statistics.htm>



Að mati samtakanna skortir umfjöllun í frumvarpinu um almenna stefnu íslenskra stjórnvalda varðandi beinar erlendar fjárfestingar. Í inngangi greinargerðar frumvarpsins segir: „*Meginstef lagareglna um fjárfestingarýni er að samþætta sjónarmið um mikilvægi erlendra fjárfestinga fyrir efnahagslífið og nauðsyn þess að erlendar fjárfestingar í mikilvægum innviðum og annarri samfélagslega mikilvægri starfsemi séu í samræmi við þjóðaröryggi og allsherjarreglu. Fjárfestingarýni er þannig ekki ætlað að takmarka erlendar fjárfestingar almennt heldur er markmiðið að ganga úr skugga um að einstakar erlendar fjárfestingar á afmörkuðum samfélagssviðum leiði ekki af sér öryggisógn.*“

Þótt fjárfestingarrýni sé ekki sérstaklega ætlað að takmarka erlendar fjárfestingar gætu íþyngjandi kvaðir í tengslum við upplýsingagjöf til yfirvalda með tilheyrandi töfum á fjárfestingarferli, aukinni áhættu og auknum kostnaði engu að síður verið til þess fallnar að hafa neikvæð áhrif á erlenda fjárfestingu. Takmörkuð tilraun er gerð til að leggja mat á efnahagsleg áhrif frumvarpsins en látið að því liggja að þau muni hafa takmörkuð áhrif á erlenda fjárfestingu. Í greinargerð með frumvarpinu er þó viðurkennt að erlendir aðilar kunni að verða fyrir auknum kostnaði þ.m.t. sérfræðikostnaði, í tengslum við gerð tilkynningar, upplýsingagjöf og önnur atriði vegna meðferðar máls auk þess sem gera megi ráð fyrir seinkun á framkvæmd viðskipta á meðan mál séu til meðferðar. Verði frumvarpið að lögum verða samningar ávallt gerðir með fyrirvara um samþykki ráðherra og þeir svo fullgerðir nokkru síðar í kjölfar samþykkis. Gera má ráð fyrir að slíkt fyrirkomulag hafi í för með sér umtalsverðan aukinn kostnað þar sem töluverð vinna er í kringum slíka samningagerð sem mun þá einnig skiptast í tvennt, þ.e. annars vegar við undirritun og hins vegar við fullgerð samningsins. Því fylgir óumflýjanlega aukinn kostnaður. Þá fylgir slíkri seinkun á viðskipum áhætta og óvissa fyrir báða aðila og dýrt getur verið að þurfa að bíða í svo langan tíma í óvissu um hvort samningur verði efndur eða ekki.

Í greinargerð með frumvarpinu er að finna tölfræði varðandi erlenda fjárfestingu eftir atvinnugreinum og nefnt að lítil skörun sé milli þeirrar erlendu fjárfestingar sem til staðar er á Íslandi og gildissviðs frumvarpsins. Ómögulegt er hins vegar til um það að segja m.v. óljóst gildissvið frumvarpsins og þá atvinnugreinaflokkun sem tekið er mið af í greinargerðinni með þeim annmörkum sem þar er lýst. Því er hæpið að ætla að fáir aðilar muni telja sig tilkynningaskylda.

Athugasemdir við einstök atriði

Gildissvið lagasetningar

Það er mat samtakanna að sú lagasetning sem er áformuð sé afar víðtæk og muni að öllum líkindum leiða af sér tyrfið laga- og reglugerðarumhverfi. Þessu til stuðnings er vísað í þann erlenda samanburð sem finna má í greinargerð með frumvarpinu en af honum verður vart annað ráðið en að með lagasetningunni hyggist hérlend stjórnvöld ganga lengra en almennt þekkist erlendis. Atvinnugreinar sem heyra undir hið erlenda regluverk eru færri og afmörkunin bæði þrengri og skýrari en samkvæmt áformunum.⁵

⁵ Einnig ber að vísa til Álits ESA nr. 54/14/COL frá febrúar 2014. Þar kom fram að tilkynningarskylda núverandi laga væri of víðtæk og óþarflega íþyngjandi. Þar var einnig tekið fram að aðrar útfærslur gætu dugað til að ná fram því markmiði sem stefnt var að með tilkynningarskyldunni. Ekki verður betur séð en að áformin hafi sama ágalla í för með sér.



Íþyngjandi ákvæði mega ekki vera háð óvissu og huglægu mati stjórnvalda og þurfa að eiga sér vel afmarkaða stoð í lögum. Ef hugtök eru ekki skilgreind með skýrum og afmörkuðum hætti er veruleg hættu á að lögin verði bæði óskýr og mun víðtækari en tilefni stendur til miðað við markmið og tilgang laganna. Sé slík óvissa fyrir hendi hljóta að vera líkur á því að mun fleiri erlendir aðilar sjái sig knúna til að undirgangast rýni en þörf er á, með tilheyrandi kostnaði og álagi á þá aðila sem annast framkvæmd rýninnar, sem jafnframt getur haft áhrif á hvort unnt sé að standast þá tímafresti sem tilgreindir eru í frumvarpinu.

Þá vilja samtökin einnig gjalda varhug við þeirri keðjuverkun sem gert er ráð fyrir í ákvæðinu, en svo virðist sem það nái einnig til þeirra fyrirtækja sem veita umræddum geirum þjónustu eða útvega eða framleiða mikilvæg aðföng. Ekki er ljóst hvers konar aðföng teljast mikilvæg í þessu samhengi eða hvernig aðkoma erlendra aðila að hvers kyns aðfangakeðjum ógni þjóðaröryggi og þá hvernig. Ísland er líklega háðara erlendum aðföngum en flest önnur lönd og ógjörningur að tryggja að engin röskun verði á mikilvægum aðfangakeðjum, óháð því hvernig eignarhaldi er háttað.

Athugasemdir við tilkynningarskyldu og/eða frumkvæðisathugun verða að skoðast í samhengi við skilgreiningu á þeim fyrirtækjum sem falla undir tilkynningarskyldu. Í ljósi þess hversu víðtæk sú skilgreining er, er erfitt að sjá nauðsyn þess að hafa til viðbótar ákvæði um frumkvæðisathugun. Samtökin benda á að þegar fjárfestingarkostir eru kannaðir þá er í áreiðanleikakönnunum gerð grein fyrir öllum óvissuþáttum varðandi viðskiptin. Hér er um að ræða takmörkun á athafnafrelsi aðila til að eiga í lögmætum viðskiptum og rétt er að stjórnvöld gæti meðalhófs við ákvörðun valdheimilda sinna að þessu leyti.

Í 3. gr. frumvarpsins eru þýðingarmiklir samfélagslegir innviðir taldir upp. Þar á meðal eru margir geirar sem heyra undir Samtök atvinnulífsins. Þar er jafnframt tilgreind ýmis starfsemi sem samkvæmt frumvarpinu er skilgreind sem „viðkvæm svið“. Orku- og veitugeirinn í heild sinni getur fallið þar undir, sbr. 1. tl. 3. gr. og starfsemi skyld eða nauðsynleg honum getur fallið undir 4. og 5. tl. Sjávarútvegurinn getur fallið undir 1., 4. og 5. tl. og fyrirtæki í iðnaði geta líklega fallið undir flesta töluliðina, svo dæmi séu tekin.

Undir 6. tl. sömu greinar fellur svo „framleiðsla eða þróun á annars konar mikilvægri tækni en fellur undir aðra töluliði þessarar greinar“. Í greinargerð með frumvarpinu eru tiltekin ýmis dæmi um þá framleiðslu og starfsemi sem fellur undir 6. tl. 3. gr. laganna en þar eru tekin sem dæmi þrívíddarprentun til framleiðslu íhluta til iðnaðarnota, hálfleiðarar, kjarnorkutækni, skammtatækni, nanótækni, líftækni, flug- og geimtækni, tækni til varðveislu orku til iðnaðarnota og tækni til orkuumbreytingar. Er ráðherra svo falið að skilgreina í reglugerð nánar þá starfsemi og svið sem teljast til viðkvæmra sviða í skilningi 1.-6. tl. greinarinnar. Með hliðsjón af framangreindum sjónarmiðum um meðalhóf og krafna um skýrleika íþyngjandi lagaákvæða telja samtökin 6. tl. of víðtækan og fela ráðherra of mikið vald til þess að ákvarða hvaða starfsemi falli undir töluliðinn.

Valdheimildir ráðherra

Samtökin telja mikilvægt að heimildir ráðherra fyrir inngripum verði ekki of víðtækar og óljósar. Marka þarf málunum faglegt ferli þar sem gilda fyrir fram ákveðin hlutlæg viðmið í stað þess að hætta sé á að þau verði gerð að pólitísku bitbeini. Með hliðsjón af þeim ríku hagsmunum sem eru undir í afgreiðslu umsókna um erlendar fjárfestingar þarf að vera til staðar skýr og greið leið til að leita endurskoðunar á ákvörðunum stjórnvalda varðandi erlendar fjárfestingar.

Eins og kemur fram í gögnum sem forsætisráðuneytið lét aðilum í té byggir frumvarpið að miklu leyti á danskri fyrirmynd. Ný lög um efnið tóku gildi í Danmörku 1. júlí 2021. og hefur



lítið reynt á þau enn sem komið er en þau þykja hafa að geyma einar stífastu reglur um rýni á erlenda fjárfestingu sem innleiddar hafa verið af nokkru ríki á EES-svæðinu. Danmörk var á árinu 2019 efst allra Evrópulanda og fjórða á heimsvísu samkvæmt svokölluðum *Ease of Doing Business* mælikvarða sem Alþjóðabankinn gaf út árlega. Ekki liggur fyrir hvort hinar nýju reglur koma til með að hafa áhrif á þann mælikvarða en færa má rök fyrir því að Danmörk sé í betri stöðu til að takast á við innleiðingu nýrra hindrana en ríki sem ekki njóta sama orðspors gagnvart erlendri fjárfestingu. Í öllu falli er ljóst að Danir hafa farið nokkru mildari leið en sú sem lýst er í frumvarpinu.

Gagnsæi og vönduð stjórnýsla

Þau viðmið sem leggja á til grundvallar við afgreiðslu umsókna ættu að vera sett fram með skýrum hætti í frumvarpinu í stað þess að þau bíði útfærslu í reglugerðarheimild. Fær þetta enn fremur stoð í greinargerð með frumvarpinu um hin stjórnarskrárvörðu réttindi sem verið er að setja skorður og nauðsyn skýrra lagaheimilda að baki skerðingu þeirra og framkvæmd laganna.

Mikilvægt er að ferli við meðferð erlendra fjárfestinga verði byggt á lögum og vandaðri stjórnýsli og blandist ekki hinni pólitísku umræðu, þ.m.t. einstökum ráðherrum. Af því leiðir að regluverkið verður að vera fyrirsjáanlegt og unnt er að reisa varnagla við pólitísk afskipti með því að dreifa valdi og í því skyni bent á hina dönsku leið í ákvæði 15(3) um að viðmiðum um sérstaklega viðkvæma starfsemi verði ekki breytt af hálfu ráðherra nema að undangengnum viðræðum við fimm önnur ráðuneyti, sbr. umfjöllun á bls. 5.

Þá verður einnig að tryggja í löggjöf að hið til þess bæra stjórnvald sem mun fara með meðferð þessara mála hafi fullnægjandi bjargir til að meðhöndla umsóknir með vönduðum hætti innan þess tímaramma sem gefinn verður í lögunum. Það styður enn fremur þá nálgun að sjálfstæðu stjórnvaldi verði falin meðhöndlun umsókna á frumstigi og ljúki afgreiðslu erinda sem hljóta samþykki.

Að lokum

Samtökin vilja að endingu benda á að þegar eru til staðar ákveðnar girðingar sem standa í vegi fyrir fjárfestingum erlendra aðila og/eða varnir fyrir því að slíkar fjárfestingar skaði þjóðhagslega mikilvæga innviði. Hér má nefna sem dæmi kröfur um innlent eignarhald opinberra aðila í sérleyfisstarfsemi í raforkukerfinu þar sem slík starfsemi er þar að auki undirorpin ströngum kröfum um tekjumörk og hvernig þessum fyrirtækjum er heimilt að fjárfesta í starfsemi sinni. Þá má hér einnig nefna lög um eignarrétt og afnotarétt fasteigna nr. 19/1966 en í lögunum er t.a.m. mælt fyrir um heimild ráðherra til að veita erlendum aðilum leyfi til að öðlast eignar- eða afnotarétt yfir fasteignum hér á landi að nánar tilgreindum skilyrðum uppfylltum. Af lögunum leiðir m.a. að leyfi ráðherra er nauðsynlegt hyggist erlendir aðili kaupa innlent félag sem ýmist á eða leigir fasteign hér á landi og leigutími er lengri en til þriggja ára eða uppsögn áskilin með lengri en árs fyrirvara. Þá kemur fram í lögunum að leyfi verði ekki veitt erlendu ríki, stjórnvaldi, ríkisfyrirtæki eða öðrum erlendum opinberum aðila að því frátöldu að ákvæði laganna gilda ekki um fasteignir til afnota fyrir sendiráð o.s.frv. Mikilvægt er að þessar takmarkanir þvert á lagabálka séu skoðaðar heildstætt og skýrt sé hvernig ákvæðum einna laga er ætlað að virka til móts við önnur. Í frumvarpinu er t.a.m. gert ráð fyrir lengri tilkynningu ef erlent ríki, stjórnvald, sveitarfélag, opinbert fyrirtæki eða annars konar erlendir opinber aðili öðlist eignarráð yfir fasteign hér á landi og samkvæmt



frumvarpinu má gera ráð fyrir að menningar- og viðskiptaráðherra fari yfir umsóknina en samkvæmt áðurnefndum lögum um eignarétt og afnotarétt fasteigna nr. 19/1966 verður erlendu ríki, stjórnvaldi, ríkisfyrirtæki eða öðrum erlendum opinberum aðila ekki veitt leyfi til að öðlast eignarétt eða afnotarétt yfir fasteignum hér á landi auk þess sem lögin heyra undir dómsmálaráðherra.

Að lokum vilja samtökin árétta að mikilvægt er að hafa í huga að ferli fjárfestinga og hinar ýmsu mögulegu hindranir geta haft neikvæð áhrif á áhuga fjárfesta og vilja þeirra til að láta reyna á fjárfestingar á Íslandi. Mikilvægt er að aðilar sem eftirsóknarvert er að taki þátt í íslensku atvinnulífi veigri sér ekki við því vegna þess að hætta sé á að mál teffjist meðal annars sökum þess að aðkoma erlendra aðila sé að ósekju gerð neikvæð eða tortryggileg. Þrátt fyrir verðug markmið laganna má það ekki verða hliðarafurð að við fórnum meiri hagsmunum fyrir minni og mögulega lokum á eða þrengjum fyrir fjárfestingar sem eru mikilvægar fyrir íslenska hagsmuni til framtíðar.

Virðingarfyllst,

Anna H. Ingimundsdóttir

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Sigríður Magnúsdóttir

f.h. Samtaka iðnaðarins

Jóhann Þór Skutlasson

f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar

Jón Leif Svennisson

f.h. Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi

Finnur Beck

f.h. Samorku

Margit Guðjónsdóttir

f.h. Viðskiptaráðs Íslands

Andri Snær Magnason

f.h. SVP – Samtaka verslunar og þjónustu